

20

13. apríl

14. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10 til 500 kr. Sektir renna í sveitarsjóð þar sem brotið er framið en dagsektir þó í sýslusjóð.

15. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóv. 1919 staðfestist hjermeð til að óðlast gildi 1. júní 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 13. apríl 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

21

13. apríl

Reglugjörð

um

eyðing refa í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefndir annast eyðing refa.

2. gr.

Refum skal eyða með skotum og eitrun.

3. gr.

Áður en þrjár vikur eru af sumri skulu hreppsnefndir hafa skipað fyrir um grenjaleitir, er fari fram áður en 7 vikur eru af sumri. Búandi hver skal kosta grenjaleitir í heima-landi sínu og upprekstrarlandi, en leitir eyðilanda kostar sveitarsjóður. Vanræki einhver grenjaleit, lætur hreppsnefnd leita á hans kostnað.

4. gr.

Aukgrenjaleitir fyrirskipa hreppsnefndir þegar þörf gerist og kveða á um hvar og hvenær þær skuli fara fram. Um kostnað við leitir þessar fer eftir því, sem segir í 3. gr.

5. gr.

21

Varast skal að hafa hund með sjer í grenjaleit eða á gren, sem og alt annað, er 13. apríl fælt geti refina í burtu eða valdi því að þeir flytji yrðlinga síoa.

Eingin merki má gera við gren er valdið geti því að refirnir verði áskynja um að grenið sje fundið.

6. gr.

Þegar gren finst skal tafarlaust tilkynna það búanda þeim, er leita ber landið, sem grenið hefir fundist í, en hann tilkynnir það annaðhvort skotmanni eða hreppsnefnd. Sje um eyðiland að ræða, skal tilkynna hreppsnefnd grenfundinn.

7. gr.

Hreppsnefndir ráða skotmenn til grenjavinslu og tilkynna hreppsbum í tæka tíð, hverjir þeir sjeu.

Eigi mega aðrir en skotmenn vinna að grenjavinslu án samþykkis hreppsnefndar.

8. gr.

Hreppsnefnd ákveður daglaun við grenjavinslu og grenjaleitir í eyðilöndum. Verðlaun fyrir refi unna á greni skulu vera þessi: Fyrir fyrri refinn 5 krónur, fyrir síðari refinn 15 kr. og fyrir hvern yrðling 1 kr., en yrðlinga má skotmaður eigi selja án leyfis hreppsnefnda. Auk þessa skal greiða 5 kr. fyrir hvern hlauparef, sem unninn er á tímabilinu frá 1. maí til 1. okt.

9. gr.

Eftir að skotmaður hefir unnið gren, skal hann afhenda hreppsnefndinni skottin af refum þeim, er hann hefir unnið og sómuleiðis fullnægjandi sannanir fyrir því, hve marga yrðlinga hann hefir unnið; að öðrum kosti glatar hann rjetti sínum til verðlaunanna.

10. gr.

Heimilt er hreppsnefndum að eyða refum með eitrun, en gæta skulu þær allrar varúðar við það, svo ekki hljótist af tjón fyrir búpening eða alidýr.

11. gr.

Allur kostnaður við eyðing refa, sem ekki er skyldukvöð samkvæmt reglugjörð þessari, greiðist úr sveitarsjóð.

12. gr.

Einginn má ala refi án leyfis sýslunefndar, þó mega skotmenn ala yrðlinga alt að mánaðartíma með samþykki hreppsnefnda.

13. gr.

Sá, er ala vill refi, skal senda beiðni um það til sýslunefndar ásamt vottorði hreppsnefndar um að hún sje því samþykk að leyfið sje veitt.

21

13. apríl

Missi maður ref eða yrdling úr eldi, skal hann greiða 100 — eitt hundrað — króna sekt fyrir hvern ref eða yrdling sem sleppur.

Brot gegn öðrum ákvæðum reglugjörðar þessarar, varða frá 10—500 kr. sektum. Sektir renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

14. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal fara með sem opinber lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júní 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 13. apríl 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

22

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs frá Önnu Claessen, árið 1918.

T e k j u r:			
1. a. Stofnfje	Kr.	600,00	
b. Gjafir	—	820,33	
			Kr. 1420,33
2. Vextir af innstæðu í sparisjóði		—	39,11
			Samtals kr. 1459,44
G j ö l d:			
1. Eignir 31. desember.			
Innstæða í viðskiftabók nr. 1172 í Sparisjóð Sauðárkróks	Kr.	1459,44	
			Samtals kr. 1459,44

Sauðárkrók, 15. janúar 1919.

Alfheidur Blöndal, Herdis Pjetursdóttir, Helga Guðjónsdóttir.

23

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs frá Önnu Claessen árið 1919.

T e k j u r:			
1. Inneign 31. desbr. 1918 í viðskiftabók nr. 1172 í Sparisjóði Sauðárkróks	Kr.	1459,44	
2. Gjafir	Kr.	185,00	
3. Hagnaður við kaup á bankavaxtabrjefum	—	105,00	
			290,00
			Flyt kr. 1749,44